

REGLUGERÐ

fyrir barnaskóla S. D. Aðventista í Reykjavík.

I. Stærð skólahverfisins.

1. gr.

Skólahverfi barnaskóla S. D. Aðventista í Reykjavík nær yfir Reykjavík og nágrenni.

II. Tilgangur skólans.

2. gr.

Tilgangur skólans er:

- a. að veita nemendum lögboðna fræðslu;
- b. að efla líkamlegan þroska og heilbrigði nemenda, og
- c. að hafa heillavænleg áhrif á skapgerð þeirra, hugsunarhátt og siðferði.

III. Skólaskylda.

3. gr.

Í skólanum er veitt inntaka skólaskyldum börnum í framangreindu skólahverfi (Reykjavík og nágrenni), enda hafi þau engan næman sjúkdóm, er geti orðið öðrum börnum að meini. Ef húsrúm og önnur skilyrði eru fyrir hendi, má og veita yngri börnum aðgang að skólanum, svo og börnum, sem heima eiga utan skólahverfisins, ef sérstök ástæða þykir til. Umsóknir um skólann skulu stílaðar til skólanefndar, og vera komnar til hennar fyrir 15. september ár hvert.

4. gr.

Forstöðumaður skólans skal í skólaársbyrjun senda viðkomandi skólanefnd skýrslu um þau börn, sem skólann sækja, og breytingar á því jafnóðum og þær verða.

IV. Kennslutími og leyfi.

5. gr.

Skólinn starfar eigi skemur en 7 mánuði ár hvert, eða frá 1. október til 30. apríl, og skulu öll skólaskyld börn, sem innritast í skólann, sækja hann þann tíma, nema lögmæt forföll hamli því.

6. gr.

Kennsla byrjar og endar dag hvern samkvæmt stundaskrá. Skólastjóri semur eða lætur semja fyrir byrjun hvers skólaárs starfsskrá fyrir skólaárið, og sendir afrit af henni til fræðslumálastjóra, þegar þess er óskað.

7. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. Fyrsti desember. 2. Jólaleyfi, frá 19. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum. 3. Öskudagur. 4. Páskaleyfi, frá Pálmasunnudegi til 3. dags páska, að báðum dögum meðtöldum. 5. Sumardagurinn fyrsti. 6. Hvítasunnuleyfi, frá laugardegi til þriðjudags, að báðum dögum meðtöldum.

V. Kennarar.

8. gr.

Skólanefnd ræður fasta kennara og ákveður starfssvið þeirra samkvæmt gildandi lögum. Hún ákveður og laun þeirra. Stundakennara og forfallakennara ræður

skólastjóri í samráði við skólanefnd. Annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd í samráði við skólastjóra, og setur því erindisbréf ef þurfa þykir.

170
18. ágúst

9. gr.

Skólastjóri og skólanefnd bera ábyrgð á skólahaldinu og hefur skólastjóri umsjón og eftirlit með nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, skólanum og öllum eignum hans og áhöldum, samkvæmt sérstöku erindisbréfi.

VI. Nemendur.

10. gr.

Skólinn væntir þess af hverjum nemanda:

að hann sýni kennurunum virðingu og hlýðni;

að hann sé vingjarnlegur, hjálpsamur og kurteis við skólasystkini sín;

að hann mæti á réttum tíma í skólanum hreinn og þokkalega til fara;

að hann sé eftirtektarsamur í tímum og iðinn við námið;

að hann fari vel með bækur og áhöld, sem hann notar í skólanum, hvort sem það er eign sjálfs hans, féлага hans eða skólans;

að hann skrifi ekki á borð eða vegg skólans né geri annað það, sem veldur skemmdum eða lýtum á skólanum eða því, sem til hans telst;

að hann hagi sér þrúðmannlega jafnt utan skólans sem innan.

Börnin skulu vera úti í stundahléum, þegar veður leyfir að dómi kennara.

Valdi nemandi skemmdum á skólanum eða því, sem honum er viðkomandi, er framfærendum hans skylt að bæta skaðann.

11. gr.

Börn skulu hafa með sér bækur og önnur áhöld, sem með þarf, eftir fyrirmælum kennara. Nú verður misbrestur á því þrátt fyrir ítrekuð tilmæli kennarans, skal hann þá leita til skólanefndar og er henni skylt að bæta úr þessu. Kostnaður, sem af þessu leiðir, skal greiddur úr skólasjóði, sem önnur gjöld til skólahalds, en endurkröfu á hann á hendur framfærenda barnsins, sé efnaleysi ekki um að kenna.

12. gr.

Börn, er sýkjast af næmum sjúkdómi, mega ekki sækja skólann fyrr en þau eru læknuð að fullu og öll smitunarhætta hjá liðin.

13. gr.

Gerri barn sig sekt um ósæmilegt athæfi eða brjótí í bág við settar reglur skólans og fyrirskipanir og láti ekki skipast við fortölur, getur skólastjóri vísað því burt úr skólanum um stundarsakir. Nú telur skólastjóri nauðsynlegt að vísa barni burt úr skóla fyrir fullt og allt, sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni. Leggur skólastjóri þá málið fyrir skólanefnd, og getur hún þá ákveðið brottvikninguna í samráði við hann. Ákvörðunin skal þegar tilkynnt barnaverndarnefnd, sem ber að sjá um, að barninu verði komið fyrir á góðu heimili í sveit eða sérstöku hæli, ef þess er kostur. Geti framfærandi barnsins fyrir fátæktar sakir ekki staðizt þann kostnað, sem af þessu leiðir, skal hann að einhverju eða öllu leyti greiddur úr bæjarsjóði sem önnur útgjöld vegna fátækraframfærslu eða barnafræðslu, nema öðruvísi verði ákveðið með sérstökum lögum um meðferð vandræðabarna. Barnið er fræðsluskylt og prófskylt eftir sem áður.

VII. Próf.

14. gr.

Öll börn, sem skólann sækja og verða fullra 8 ára á árinu, eru prófskyld að vorinu og þar til þau ljúka fullnaðarprófi. Undanþágur frá prófskyldu má engar veita, nema þegar sjúkdómur, sannaður með læknisvottorði, eða aðrar knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Að jafnaði skulu börn ljúka fullnaðarprófi á því ári, er þau verða fullra 14 ára. Skólanefnd er þó heimilt í samráði við skólastjóra að veita yngri börnum fullnaðarprófsleyfi, þegar tryggt er, að þau njóti framhaldsfræðslu til 14 ára aldurs, sbr. ákvæði prófreglugerðar.

Nú nær 14 ára barn ekki fullnaðarprófi í íslenzku, skrift eða reikningi, er það þá skólaskyld og prófskyld næsta ár í öllum nefndum greinum.

16. gr.

Skólastjóri og prófdómari gefa út prófvottorð, sem afhendist hverju barni, er stengt fullnaðarpróf. Fullnaðarprófsvottorð má þó ekki afhenda þeim börnum, sem fá aldursundanþágu, fyrir en full vissa er fengin um framhaldsnám.

VIII. Dagbækur og skýrslur.

17. gr.

Skólastjóri sér um að þessar bækur séu færðar og hefur þær í sinni vörzlu: 1. Prófbók. 2. Dagbók. 3. Bréfabók. 4. Nemendaskrá.

18. gr.

Skólastjóri varðveitir fræðslulög, reglugerðir, námsskrár, erindisbréf, dagbækur, skólaskýrslur og annað, sem fræðslu barna varðar.

19. gr.

Skólanefnd sér um eða felur skólastjóra, að semja og senda allar skýrslur um skólahald, skólahús, kennsluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur eftir því sem fræðslumálastjórnin mælir fyrir um.

IX. Námsgreinar.

20. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna:

1. Íslenzku (lestur, réttritun, málfræði).
2. Skrift.
3. Reikning.
4. Áttahagafræði.
5. Kristin fræði.
6. Sögu, landafræði og náttúrufræði.
7. Söng.
8. Teikningu.
9. Handavinnu.
10. Leikfimi.
11. Sund.

21. gr.

Um stundaskrár, námsefni og tilhögun prófa fer eftir námsskrá og prófreglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

X. Heilbrigðismál.

22. gr.

170

18. ágúst

Um hollustuhætti skóla og heilsuvernd barna fer eftir reglugerð, sem heilbrigðisstjórnin setur og öðrum þeim ráðstöfunum, sem skólastjóri og skólanefnd telja þörf á og koma sér saman um á hverjum tíma.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt heimild í lögum um fræðslu barna, nr. 94 23. júní 1936, 19. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 18. ágúst 1943.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

171

20. ágúst

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1943:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200 lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir	4100 —
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500 —
4. Einkabifreiðir:	
a. Læknabifreiðir	800 —
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400 —
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300 —
d. Bifhjól	60 —

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900 —
2. — 1½ tonn	2100 —
3. — ¾ til 1¼ tonn	1400 —
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	700 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínkömmtunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.